

1. Að herbergi þau, sem ætluð eru nemendum, sju þannig úr garði gerð og svo vel umgengin, að heilsu nemenda sje eigi hættu búin af veru þar, og, ef um farskóla er að ræða, þá að á heimilinu, þar sem skólinn er haldinn, sje eigi berklaveiki eða annar smithættulegur sjúkdómur. **110**
6. sept.
2. Að kennarar eða eftirlitsmaður með heimafræðslu gangi ekki með smitandi berklaveiki, holdsveiki eða aðra viðloðandi smitandi sjúkdóma.
3. Að börn eða unglingar með smithættulega sjúkdóma sju eigi tekin í skóla með öðrum eða vistuð í heimavistarskóla.

Þetta, sem stjórnarráðið hefir ákveðið í samráði við landlækni og yður, herra fræðslumálastjóri, sakir hinnar augljósu hættu, einkum berklahættu, er heilbrigði þjóðarinnar stendur af barna- og unglingafræðslunni, sje eigi haft eftirlit eins og að ofan segir með öllu fyrirkomulaginu, og það rækilegt eftirlit, eruð þjer beðinn að tilkynna öllum skóla- og fræðslunefndum og forstöðumönnum unglingaskóla, að því viðbættu, að engum skóla verður veittur styrkur úr landsjóði nema því að eins að umsókninni um styrk fylgi auk annara skilríkja vottorð hjeraðslæknis um eftirlitið ritað á eyðublað, er stjórnarráðið mun sjá um að hjeraðslæknum verði sent í þessu skyni.

*Brjef stjórnarráðsins til biskups um veitingu embættisláns til Þykkvabæjar-
klaustursprestakalls* **111**
4. nóv.

Stjórnarráðið hefir í dag veitt prestinum í Þykkvabæjarklaustursprestakalli, sjera Sigurði Sigurðssyni, 5000 — fimm þúsund — króna embættislán samkvæmt lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907, sbr. lög nr. 25, 20. október 1913, og með þeim kjörum, er þar eru tiltekin, til að kaupa fyrir húsin á prestssetrinu Ásum í Skaptártungu, þau er Sveinn bóndi Sveinsson hefir bygt þar. Húsin eru virt til brunabóta á 5500 kr. og skulu brunavátrygd fyrir þá upphæð. Fyrningargjaldið verður þá kr. 27.50, og greiðist í fyrsta skifti í fardögum 1917.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar.

*Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um breyting á
mörkum Skriðuhrepps og Arnarneshrepps.* **112**
21. nóv.

Eftir móttöku brjefs yðar, herra sýslumaður, dags. 9. f. m., er fylgdi erindi frá hreppsnefndinni í Arnarneshreppi um, að jörðin Dunhagakot í Skriðu-